

Mánudaginn 6. apríl 1964.

Nr. 41/1964. **Ragnar Þórðarson**
 gegn
Jóni Þórarinssyni og Sigurbirni Eiríkssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ragnar Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til rikissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 6. apríl 1964.

Nr. 32/1962. **Snæbjörn Sigurðsson** (Páll Líndal hrl.)
 gegn
Katli Guðjónssyni, Öttari Ketilssyni
 (Benedikt Sigurjónsson hrl.),
Agli Halldórssyni, Helga Schiöth
 (Páll S. Pálsson hrl.),
Margréti Sigurðardóttur og Aðalsteinu
Magnúsdóttur (Friðrik Magnússon hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Þórður Björnsson sakadómari.

Landamerkjamaál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. marz 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. s. m. Krefst hann þess, „að merki milli Finnastaða og Grundar ofan fjallsgirðingar verði viðurkennd bein lína frá merkjum Finnastaða og Holtseis vestur í svonefndan Stakaklett, en

þaðan bein lina í áttina að Finnastaðaá við vesturenda Gljúfursins, en merki þessi eru sýnd á uppdrætti, sem lagður hefur verið fram í málinu, dómskj. 25“. Svo krefst hann og þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða allan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu Ketill Guðjónsson og Óttar Ketilsson krefjast *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefjast þeir þess, „að verði dæmt, að merki Finnastaða og annarra jarða í Grundartorfu séu bein lina frá merkjum Finnastaða og Holtsels vestur í Stakaklett, þá verði dæmt, að merkjalínan áfram sé bein framlenging af þessari línunni allt upp í fjallsbrún, og teljist allt land sunnan þeirrar línu til Finnastaða og Árbæjar, þar með Finnastaðadalur“. Þá gera þeir kröfu til, ef varakraftan verður tekin til greina, að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu Egill Halldórsson, Helgi Schiöth, Margrét Sigurðardóttir og Aðalsteina Magnúsdóttir krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Jarðir þær, sem mál þetta varðar, eru Grund I og Grund II (háflendur), Hólshús, Miðhús, Holtsel, Holt (nú í eyði), Finnastaðir og Árbær. Aðiljar málsins eru eigendur að jörðum þessum eða jarðarhlutum með þeim hætti, sem frá er greint í héraðsdómi.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og í Nýrri jarðabók fyrir Ísland, sem staðfest var 1861, eru Finnastaðir taldir sjálfstætt býli, en Hólshús, Miðhús, Holtsel og Holt „partar“ úr Grund eða hjáleigur hennar. Árbær er nýbýli úr Finnastaðalandi, sem til var stofnað árið 1952.

Í fjallshlíðinni vestan framangreindra jarða og fyrir þeim frá norðri til suðurs er svonefnd fjallsgirðing. Austan hennar er heimalöndum jarðanna skipt. Ágreiningur sá, sem úr þarf að skera í þessu máli, varðar land vestan girðingarinnar.

Landamerkjaskrá, er greini merki milli Grundartorfu og

Finnastaða, hefur ekki komið fram í málinu. Mun engin slík merkjasetning hafa farið fram samkvæmt lögum nr. 5/1882 og ekki heldur samkvæmt lögum nr. 41/1919. Í málinu hafa verið lögð fram nokkur gögn frá eldri tímum, en hvergi er þar vikið að landamerkjum milli umræddra jarða.

Finnastaðir voru komnir í eign Grundarkirkju árið 1318. Benda máldagar kirkjunnar og önnur gögn til þess, að þeir hafi eftir það haldizt í eign kirkjunnar. Og enn eru Finnastaðir taldir heyra kirkjunni til, er áfrýjandi og stefndu Margrét Sigurðardóttir og Aðalsteina Magnúsdóttir seldu sem eigendur bændakirkjunnar stefnda Katli Guðjónssyni jörðina árið 1950. Hafa Finnastaðir þannig um meira en 6 alda skeið verið undir umráðum eiganda Grundartorfunnar. Sú staðreynd, að Finnastaðir voru sjálfstætt lögbýli, en töldust ekki til hjáleigna Grundar, veitir líkur fyrir því, að jörðin hafi í öndverðu haft sjálfstæð landamerki, meðal annars gagnvart Grundartorfunni, en ekki er þó sannað, að svo hafi verið.

Áfrýjandi var heimilismaður á Grund á árunum 1928—1933, en hafði jafnframt búskap í Hólshúsum frá 1930. Árið 1933 fluttist hann að Hólshúsum og bjó þar til vors 1948, en þá fluttist hann að Grund og hóf búskap þar. Kveðst hann á þessum tíma hafa litið svo á, „að fjallið ofan girðingar væri sameiginlegt land allra býlanna“. Hafi fjalllendið ofan girðingar „verið notað til beitar fyrir allar skepnur af öllum býlunum í Grundartorfu og Finnastöðum, nema hvað kýrnar frá Grund hafi ekki verið reknar uppeftir á þessu tímabili“.

Síðar komst áfrýjandi á þá skoðun, að í gildi mundu vera sérstök landamerki ofan girðingar milli Finnastaða og Grundartorfunnar, þ. e. Grundar og framangreindra fornra hjáleigna hennar. Af því leiddi, að Finnastaðir ættu ekki neitt sameiginlegt beutiland með Grundartorfujörðum. Telur áfrýjandi landamerkin liggja um svonefndan Stakaklett, sem er í fjallshlíðinni vestan girðingar, en merki milli Finnastaða og Holtsels stefna á klett þenna. Þá álykt-

ar áfrýjandi, að markalínan hafi legið áfram úr Stakakletti suður á við að Finnastaðaá við vesturenda Gljúfursins. Eru kröfur áfrýjanda í samræmi við þessa skoðun hans.

Öll vitni, sem í máli þessu hafa borið um notkun lands vestan fjallsgirðingarinnar, eru á einu máli um það, að í þeirra tíð, svo lengi sem þau viti til, hafi þar verið sambeit Finnastaða og Grundartorfujarða. Nokkur vitni hafa borið, eins og rakið er í héraðsdómi, að þau hafi heyrt því fleygt, að fyrr á tímum hafi landamerki Finnastaða og Grundartorfujarða legið um Stakaklett eða að honum. Ekki vissu vitnin, á hvaða tíma þessi landamerki hefðu átt að gilda eða hversu langt sé liðið síðan þau voru haldin. Eru munnmæli þessi ekki neinum gögnum studd í málinu.

Í ritgerð Júlíusar Ólafssonar frá 1936 um örnefni í Grundarlandi segir, að Einstaki klettur (Stakiklettur) hafi til forna skipt löndum milli Finnastaða og Grundartorfunnar. Ekki greinir höfundurinn frá neinum heimildum fyrir þessu. Á öðrum stað í ritgerðinni kemst höfundurinn svo að orði: „Innan þessara takmarka er jörðin Finnastaðir, sem er eign Grundarkirkju og hefur aldrei verið talin hjáleiga, sbr. jarðamat af 1. apr. 1861, þó hún eigi sameiginlegan bit-haga með hinum jörðunum, síðan Magnús heitinn Sigurðsson eignaðist torfuna“. Af þessu má ráða, að höfundi hafi verið kunnugt um sameiginlega beit Finnastaða og Grundartorfujarða, frá því að Magnús Sigurðsson eignaðist Grundartorfuna á árunum 1888 og 1889, en ekki er heimilt að gagnálykta af þessu orðalagi höfundar á þá leið, að honum hafi verið kunnugt um, að landið hafi verið nytjað með öðrum hætti fyrir þann tíma, sbr. og fyrrgreind ummæli hans, að Einstaki klettur hafi „til forna“ skipt löndum á þessu svæði.

Engin haldbær gögn eða rök eru fram komin fyrir þeirri staðhæfingu áfrýjanda, að bein lína frá Stakakletti að Finnastaðaá við vesturenda Gljúfursins sé eða hafi verið landamerki milli Finnastaða og Grundartorfu.

Þar sem áfrýjandi hefur ekki samkvæmt framansögðu fært sönnur á staðhæfingar sínar um landamerki, ber að

staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sýknu stefndu til handa af kröfum hans. Svo þykir og mega staðfesta ákvæði dómsins um málskostnað og kostnað af störfum landamerkjadómsins.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem hér segir: Katli Guðjónssyni og Óttari Ketilssyni sameiginlega kr. 8000.00, Agli Halldórssyni og Helga Schiöth sameiginlega kr. 8000.00 og Margréti Sigurðardóttur og Aðalsteinu Magnúsdóttur sameiginlega kr. 8000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Snæbjörn Sigurðsson, greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti þannig: Katli Guðjónssyni og Óttari Ketilssyni sameiginlega kr. 8000.00, Agli Halldórssyni og Helga Schiöth sameiginlega kr. 8000.00 og Margréti Sigurðardóttur og Aðalsteinu Magnúsdóttur sameiginlega kr. 8000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Eyjafjarðarsýslu 16. október 1961.

Mál þetta var þingfest 14. apríl s.l. og tekið til dóms 6. þ. m., eftir að gagnasöfnun og munnlegur málflutningur hafði farið fram.

Mál þetta er þannig til komið, að með bréfi, dags. 6. janúar s.l., til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu fer Björn Halldórsson héraðsdómslögmaður f. h. Snæbjarnar Sigurðssonar, eiganda hálfrar Grundar eða Grundar II, þess á leit, „að fyrir verði tekið án tafar landamerkjamál milli Grundar og Finnastaða vestan fjallsgirðingar, enda er land Finnastaða neðan þeirrar girðingar þegar afmarkað í sátt í merkjadómi hinn 30. október 1958, sem fylgir hér með í endurriti“, eins og í bréfinu greinir. Þá er í beiðninni vísað til þess, er fram sé komið um þetta í yfirstandandi eignardómsmáli um landið vestan fjallsgirðingarinnar, en það mál var höfðað af sóknaraðilja þessa máls gegn öðrum aðilja.

um þessa máls á s.l. ári og var úrskurðað í aukadómi Eyja-fjarðarsýslu 19. maí s.l., að það hvíldi, á meðan mál þetta yrði leitt til lykta. Þá segir einnig svo í beiðninni: „Eru þegar fram komin gögn fyrir tilvist merkja milli Finnastaða og Grundar á áminnztu svæði. Leiðir það enda af sjálfu sér, að Finnastaðir hafi átt sín ákveðin merki, jafnt ofan (vestan) girðingarinnar, sem lögð var 1908, eins og neðan við hana, því vissulega var girðing þessi sett án tillits til merkja Finnastaða, sem alltaf hefur verið sjálfstæð jörð, eign kirkjunnar á Grund lengst af á liðnum öldum.“

Þegar fyrst var þingað í málinu að Hrafnagili 14. apríl s.l., kvaddi sýslumaður eftirfarandi aðilja fyrir dóm ásamt máls-höfðanda: Ketil Guðjónsson, eiganda Finnastaða, Óttar Ketils-son, eiganda Árbæjar, nýbýlis úr Finnastaðalandi, Margréti Sig-urðardóttur og Aðalsteinu Magnúsdóttur, eigendur hálftrar Grund-ar eða Grundar I, Holts, sem eigi er lengur búið á sjálfstætt, og háflendnanna í Holtseli og Miðhúsum, Egil Halldórsson, eig-anda að háflendunum í Holtseli og Miðhúsum og Helga Schiöth, eiganda Hólshúsa. Hafa allir þessir aðiljar látið mæta í mál-inu, enda eiga þeir allir lögmætra hagsmuna að gæta, og gert kröfur og í flestum greinum tekið sameiginlega afstöðu innbyrðis, en andstæða málshöfðanda, Snæbirni Sigurðssyni, og verða þeir hér eftir nefndir varnaraðiljar málsins.

Í réttarhaldi því, er að framan greinir, þ. e. við þingfestingu málsins, gerði Snæbjörn Sigurðsson svohljóðandi kröfur um, að merki milli Finnastaða og Grundar ofan fjallsgirðingar verði: „Bein lína frá merkjum Finnastaða og Holtsels vestur í svokall-aðan Stakaklett, þaðan bein lína í áttina að Finnastaðaá við vesturenda Gljúfursins.“ Í tengslum við þessa kröfugerð lét mál-flutningsmaður sóknaraðilja bóka eftirfarandi: Merkjakrafa þessi er gerð með tilliti til þeirrar vitneskju, sem fengin er um Stakaklett sem merki. Út frá því, að Stakiklettur er aðeins nefnd-ur sem merki, tel ég mega álykta, að Finnastaðir eigi hvorki norður fyrir hann né vestur. Sóknaraðili hefur einnig krafizt, að sér yrði dæmdur málskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Málflytjendur varnaraðilja, Guðmundur Skaftason héraðsdóms-lögmaður vegna eigenda Finnastaða, Árbæjar og Hólshúsa, Frið-rik Magnússon héraðsdómslögmaður vegna eigenda Grundar I, Holts og háflendnanna í Holtseli og Miðhúsum og Ragnar Stein-bergsson héraðsdómslögmaður vegna háflendnanna í Holtseli og Miðhúsum, hafa allir mótmælt kröfum sóknaraðilja um sér-

stök landamerki gagnvart Finnastöðum og Árbæ á landinu ofan fjallsgirðingar, þar sem þau eru engin til, og kröfðust þess, að málinu væri vísað frá dómi, þar sem sóknaraðili, Snæbjörn Sigurðsson, sem eigandi aðeins hálfrar Grundar, væri ekki bær til að höfða þetta mál, sbr. 46. gr. einkamálalaganna. Yrði frávísunarkrafan ekki tekin til greina, kröfðust varnaraðiljar sýknu. Þá hafa þeir allir krafizt sér til handa málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins. Frávísunarkrafan var tekin fyrir sérstaklega og kveðinn upp úrskurður um hana, eftir að sókn og vörn hafði farið fram um hana 19. maí s.l., og féll hann á þá leið, að frávísunarkröfunni var hrundið.

Síðar undir rekstri málsins gerði Guðmundur Skaftason hér- aðsdómslögmaður svohljóðandi varakröfu fyrir hönd eigenda Finnastaða og Ábæjar: Ef til þess kemur, að sú krafa merkja- dómsbeiðanda verði tekin til greina, að sett verði merki milli Finnastaða og annarra jarða í Grundartorfu sem bein lína frá merkjum Finnastaða og Holtsels vestur í svokallaðan Staka- klett, geri ég þá varakröfu f. h. umbjóðanda míns, að umrædd merkjalína verði framlengd beina stefnu um Stakaklett til vesturs og allt upp á fjallsbrún, og teljist þar með allt land sunnan nefndrar línu til Finnastaða, þar á meðal Finnastaðadalur. Allir aðrir aðiljar málsins andmæltu þessari varakröfu, og náðust eigi sættir um hana.

Miðvikudaginn 21. júní s.l. gengu dómendur á vettvang og athuguðu hann ásamt aðiljum málsins og málflytjendum þeirra og vitnum í sambandi við þinghald í málinu að Finnastöðum þann dag, og í því sama þinghaldi úrskurðaði dómurinn, að sókn- araðili léti gera og leggja fram uppdrátt af deilusvæðinu, og hefur hann verið lagður fram á dskj. nr. 35.

Þá þykir rétt að geta þess, að eins og fram kemur af skjöl- um þessa máls, að í eignardómsmáli, sem sóknaraðili þessa máls höfðaði með stefnu, útgefinni 20. maí 1960, fyrir aukarétti Eyja- fjarðarsýslu og enn er óútkljáð fyrir dóminum, gerði hann undir rekstri málsins svipaða kröfu um sérstök merki gagnvart Finna- stöðum (og Árbæ) og hann hefur gert í þessu máli, en þeirri kröfu var vísað frá aukarétti, og var þá stofnað til þessa máls.

Engar skrár eru til um merki á svæðinu ofan fjallsgirðingar. Hins vegar hefur sóknaraðili leitazt við að sanna mál sitt með öðrum gögnum, en varnaraðiljar fært fram gagnrök gegn þeim, og verður nú rakið það, er fram er komið í málinu:

Á dskj. nr. 27, sem er bréf frá biskupi, dags. 1. marz 1950,

sem mun hafa verið skrifað í sambandi við væntanlega sölu á Finnastöðum, segir, að samkvæmt fornum máldögum, eru Grundarkirkju í Eyjafirði taldir Finnastaðir. Segir svo um þetta meðal annars: 1. Í máldaga Auðunar biskups frá 1318: Hún (þ. e. Grundarkirkja) á land allt að Finnastöðum (D.I. II. bls. 452). 2. Í kirknatali Jóns biskups Vilhjálmssonar um 1429: Hún (þ. e. Grundarkirkja) á land á Finnastöðum (D.I. IV. bls. 378). 3. Í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um 1461: Hún (þ. e. Grundarkirkja) á land allt á Finnastöðum (D.I. I. bls. 314).

Eins og sést af þessu, er hér alls staðar talað um land allt á Finnastöðum án frekari skilgreiningar á því, og geta þessar heimildir eigi skorið úr um það, sem deilt er um í þessu máli.

Á dskj. nr. 31 og 32 eru endurrit úr dagbók séra Skúla Þorlákssonar, 17. dl. 255, 4 t 55. bls. og 56. bls. með vitnisburðum tveggja manna, Jóns Magnússonar og Þorsteins Þórarinssonar, bæði frá 1631, þar sem þeir votta, að Grund í Eyjafirði eigi „alla landareign ið efra til fiallz utj. midia Skipalág“, og var það kennileiti talið á merkjum Grundar gagnvart Stórhóli (Espihóli). Vottorðum þessum báðum hefur verið mótmælt af varnar aðiljum sem þýðingarlausum, þar sem sóknaraðili hefur eigi getað gert grein fyrir, hvaða menn þetta séu eða tilefni vottorðanna. Verður því tæplega mikið á þessu byggt í máli þessu, enda virðis hér hafa verið um að ræða deilu um landamerki gagnvart Stórhóli annars vegar og Grund eða Grundartorfu hins vegar.

Svipuðu máli virðist gegna um dóm úr dómsmálabók Vaðlaþings, sbr. dskj. nr. 5, að þar er fjallað um merki Grundartorfu gagnvart Möðrufelli, en sker eigi úr um eign á landi eða merki norðan þeirra marka.

Samkvæmt jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns eru Finnastaðir sjálfstæð jörð, metin til dýrleika XI hdr. Eigandi er talinn Grundarkirkja.

Í jarðamati 1849 segir um Finnastaði, sbr. dskj. nr. 30: Búfjárhagar í betra lagi að útrými og gæðum og vetrararbeit nokkur. Eigi er þar getið um, að búfjárhagar séu sameiginlegir við aðrar jarðir, eins og yfirleitt er þar tekið fram um hjáleigur Grundar.

Á dskj. nr. 19, ritgerð Júlíusar Ólafssonar, fyrrverandi bónda í Hólshúsum, frá 1936 um örnefni í Grundarlandi í Eyjafirði segir svo: „Suður af dalnum er Einstaki klettur, sem til forna skipti löndum milli Finnastaða og Grundartorfu, því Finnastaðir voru séreign Grundarkirkju.“

Í málinu liggja fyrir skýrslur nokkurra vitna, varðandi merki Finnastaða gagnvart Grundarlandi á þessu svæði.

Valdimar Antonsson, fyrrverandi bóndi á Finnastöðum og uppallinn þar, einnig bóndi á Grund um 3ja ára skeið, hefur borið það, að hann hafi heyrt föður sinn tala um, að Finnastaðir hafi átt til forna land út að Stakakletti, og sagðist hafa heyrt, að þá hafi verið hærra mat á landinu. Jafnframt sagðist hann halda, að þegar hann hafi átt þar heima, hafi ekki verið litið svo á, að þessi landamerki giltu, og kvaðst hann hafa álitíð, að Finnastaðir ættu sameiginlegt beitiland með Grund ofan fjallsgirðingar, en Finnastaðir ættu ekki rétt til neinnar ákveðinnar landspildu þar. Valdimar mun fæddur 1893.

Vitnið Jón Antonsson, bróðir Valdimars, er að framan er nefndur, 70 ára að aldri, fæddur og uppallinn á Finnastöðum, óslitið hjá foreldrum sínum þar til 1910 og aftur 1913—19, hefur borið eftirfarandi: Varðandi merki Finnastaða ofan fjallsgirðingar, sagði vitnið, að faðir þess, sem hafi búið að Finnastöðum í 30 ár frá 1888, hafi sagt, að hann hafi heyrt, að merkin væru úr gildragi, sem skipti engjum milli Finnastaða og Holtsels og þaðan beina stefnu í svonefndan Stakaklett, en síðan hafi línán átt að vera óbrotin til fjalls. Ekki kvað vitnið þessi merki hafa verið haldin, eftir að það mundi til, og taldi, að það hafi aldrei verið í tíð föður þess, en allan tímann, sem hann vissi til, hafi landið ofan fjallsgirðingar verið notað sameiginlega til beitar af býlunum í Grundartorfu og Finnastöðum.

Einnig sagði vitnið, að faðir þess og Holtselsmenn hafi stundum slegið ofan fjallsgirðingar án nokkurs samráðs við aðra, þar sem hverjum bezt þótti, og hafi ekki verið farið þar eftir neinni línu um Stakaklett. Ekki kvaðst vitnið vita neitt um, hvernig faðir þess hafi fengið hugmyndina um línu um Stakaklett.

Vitnið Magnús Sigurjónsson, húsgagnabólstrari á Akureyri, 63 ára, sem uppallinn er í Holti í Hrafnagilshreppi og átti þar heima fram yfir þrítugt, hefur gefið tvö vottorð í málinu, sbr. dskj. nr. 6 og 24, og mætt sem vitni. Segir þar, að hann hafi heyrt talað um það í æsku, að Finnastaðir ættu land í Stakaklett svonefndan. Hins vegar hafði hann ekki heyrt talað um neina línu frá Stakakletti til Finnastaðaár. Ekki kvaðst vitnið geta greint, hjá hverjum hann hafði heyrt talað um nefnda línu í Stakaklett, og kvaðst hafa heyrt það af tali manna og vissi ekki um neinar skráðar heimildir þar um. Ekki kvaðst vitnið

vita um, hvort þetta hafi verið talin gildandi merki á þess tíð í Hrafnagilshreppi.

Vitnið Karl Friðriksson, fætt 1906, er átti heima á Finnastöðum frá 1906 til 1920 og var þar hjá foreldrum framangreindra vitna, Valdimars og Jóns, hefur gefið vottorð í málinu og borið vitni, Segir vitnið, að það hafi heyrt, að land Finnastaða hafi hvorki legið norðan Stakakletts né vestan, „þ.e.a.s. línán hafi legið eftir stefnu girðingarinnar vestur í þennan klett og þaðan sem beinast suður í Finnastaðaá“. Um heimildir fyrir þessu sagði vitnið, að það hefði heyrt fósturföður sinn segja þetta.

Í skýrslu sinni fyrir dómi kvaðst vitnið ekki geta gert grein fyrir, að línán hefði verið með stefnu girðingarinnar, enda kvaðst það ekki muna eftir neinni girðingu milli Holtsels og Finnastaða. Af skýrslu vitnisins virðist beit og aðrar nytjar landsins ofan fjallsgirðingarinnar hafa verið sameiginlegar frá jörðunum.

Hólmgeir Þorsteinsson, fyrrverandi bóndi á Hrafnagili, sem var fyrst á Grund að mestu 1905—1916 og síðan bóndi frá 1925—29, hefur borið eftirfarandi: Hann hafði heyrt, að í gamla daga hafi landamerki milli Finnastaða og Holtsels verið um svokallaðan Stakaklett, og kveðst hafa fengið þá hugmynd, að línán til klettsins hafi legið frá engjamerkjum Holtsels og Finnastaða, ekki kveðst hann hafa heyrt talað um aðra línu frá Stakakletti, en kveðst hafa fengið þá hugmynd, að línán hafi legið áfram í beina línu til fjalls. Þá segir vitnið, að það hafi aldrei orðið þess vart, að lína þessi væri haldin, meðan það var á Grund eða síðan, heldur hafi landið, þ. e. ofan fjallsgirðingar, verið notað sameiginlega af öllum býlunum.

Varnaraðiljar hafa í dómskjali nr. 9—14 lagt fram endurrit úr gerðabók fasteignamats Eyjafjarðarsýslu með matsgerðum um allar jarðirnar í Grundartorfu ásamt Finnastöðum frá 1917. Er þar tekið fram um Grund, Finnastaði og þrjár af fyrrverandi hjáleigum, að búfjárhagar séu sameiginlegir við hinar jarðirnar í Grundartorfu og samgirðing fyrir ofan tún og engi, en um Hólshús er ekki tekið beint fram um sambeit, en tekið fram um sameiginlega fjallsgirðingu um beitolandið. Þá er tekið fram í mati Grundar, að helmingur fjallsgirðingarinnar, sem er talin um 5700 m, tilheyri Grund, en hinn helmingurinn hjáleigunum, og verður að ætla, að Finnastaðir séu þar með taldir, sbr. það, er sagt er um samgirðingu í mati Finnastaða.

Þá hafa varnaraðiljar lagt fram endurrit af afsölum eigenda Grundarkirkju (og Grundar) fyrir Finnastöðum og skrá um

landamerki nýbýlisins Árbæjar. Í afsölunum er ekki minnzt á beiti-land Finnastaða eða landamerki þess, en í merkjalýsingu Árbæjar er sagt, að ofan fjallsgirðingar eigi Árbær óskipt beiti-land með öllum öðrum býlum í Grundarplássi. Er skjal þetta m. a. undirritað af eigendum Grundar I, en sóknaraðili þessa máls, Snæbjörn Sigurðsson, sem þá var orðinn eigandi að hálfri Grund, virðist ekki hafa verið þar til kvaddur, enda kveðst hann ekkert hafa um þetta skjal vitað, fyrr en mál þetta var risið. Loks hafa varnaraðiljar lagt fram endurrit af stefnu sóknaraðilja þessa máls í fjallmálinu, er að framan greinir, og skírskotað til þess í málflutningi sínum, þar sem sóknaraðili gerir kröfu um viðurkenningu á eignarrétti sínum sem eiganda hálftrar Grundar að helmingi svonefnds Grundarfjalls. En þar er tekið fram, að með því sé átt við allt land vestan svonefndrar fjallsgirðingar.

Þá liggja fyrir aðiljaskýrslur fimm af varnaraðiljum þessa máls, Ragnars Davíðssonar, eiginmanns Margrétar Sigurðardóttur, Ketils Guðjónssonar, Egils Halldórssonar, Gísla Björnssonar, eiginmanns Aðalsteinu Magnúsdóttur, og Helga Schiöths, og hafa þeir aðiljar borið, að notkun fjalllendisins hafi verið sameiginleg frá öllum jörðunum í Grundartorfu og án nokkurra takmarkana fyrir neina af jörðunum eða sérréttinda fyrir aðra og að þeir hafi aldrei heyrt talað um merki milli Grundar og Finnastaða á þessu svæði.

Sama hefur vitnið Ingólfur Gunnarsson, fyrrverandi bóndi í Miðhúsum og þá eigandi hálftrar jarðarinnar, borið.

Sóknaraðili þessa máls, Snæbjörn Sigurðsson, hefur einnig borið, að landið ofan fjallsgirðingar hafi verið notað til beitar fyrir skepnur af öllum býlum í Grundartorfu og Finnastöðum og að engar reglur hafi gilt um notkun landsins.

Eins og sést af gögnum málsins, sem nú hafa verið rakin, er ljóst, að sóknaraðilja hefur ekki tekizt að sanna, að til séu sérstök landamerki fyrir hina fornu Finnastaði í svokölluðu Grundarfjalli. Hin fornu skjöl, sem tilgreind eru, skera þar ekki úr, og skýrslur vitna og önnur gögn um merki um Stakaklett eða Einstaka klett eru svo óljós, að á þeim verður ekki byggt. Vera má, að merki hafi í eina tíð verið um þetta kennileiti, en hvort tveggja er, að það er ósannað, og ljóst er, að þau merki hafa að minnsta kosti ekki verið haldin í síðastliðin 70—80 ár.

Varnaraðiljar hafa hins vegar fært sterk rök fyrir því, að engin landamerki séu til á þessu svæði og hafi ekki verið haldin um langt árabíl eða svo lengi, sem menn muna, og sú hafi einnig

verið skoðun sóknaraðilja allt fram undir það, er hann höfðar þetta mál. Ber því að taka kröfu varnaraðilja um sýknu af kröfum sóknaraðilja til greina. Eftir þessa niðurstöðu kemur varakrafa Finnastaða og Árbæjar ekki til álita.

Rétt þykir að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum málskostnað, og þykir hann hæfilegur sem hér segir:

Til Guðmundar Skaftasonar fyrir hönd Ketils Guðjónssonar og Óttars Ketilssonar kr. 5.500.00, Ragnars Steinbergssonar héraðsdómslögmanns fyrir hönd Egils Halldórssonar og Helga Schiöths kr. 4.000.00 og Friðriks Magnússonar héraðsdómslögmanns f. h. Margrétar Sigurðardóttur og Aðalsteinu Magnúsdóttur kr. 4.000.00.

Kostnaður við dóminn ákveðst kr. 6.000.00, þóknun til dómdenda og ferðakostnaður, og þykir rétt að dæma sóknaraðilja til að greiða hann.

Dóminn kváðu upp Sigurður M. Helgason, settur sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri, ásamt meðdómsmönnum Árna Jónssyni tilraunastjóra og Guðmundi Benediktssyni yfirverkstjóra.

Dómsorð:

Varnaraðiljar, Ketill Guðjónsson, Óttar Ketilsson, Egill Halldórsson, Helgi Schiöth, Margrét Sigurðardóttir og Aðalsteina Magnúsdóttir, skulu sýknuð af kröfum sóknaraðilja, Snæbjarnar Sigurðssonar, í máli þessu.

Sóknaraðili greiði varnaraðiljum málskostnað þannig: Guðmundi Skaftasyni héraðsdómslögmanni f. h. Ketils Guðjónssonar og Óttars Ketilssonar kr. 5.500.00, Ragnari Steinbergssyni héraðsdómslögmanni f. h. Egils Halldórssonar og Helga Schiöths kr. 4.000.00, Friðriki Magnússyni héraðsdómslögmanni fyrir hönd Margrétar Sigurðardóttur og Aðalsteinu Magnúsdóttur kr. 4.000.00.

Kostnað við dóminn, kr. 6.000.00, greiði sóknaraðili, Snæbjörn Sigurðsson.

Dóminum má fullnægja með aðför að lögum, að því er varðar málskostnað og kostnað við dóminn, innan 15 daga frá birtingu hans.